



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Staða viðræðna við heilbrigðisráðuneytið vegna sveigjanlegrar dagdvalar í Seljahlíð

Forsaga

Þann 1.september 2021 barst velferðarsviði Reykjavíkurborgar eftirfarandi erindi:

„Í drögum að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, sem fjallað var um á heilbrigðisþingi sl. föstudag og nú er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda, er m.a. fjallað um ávinning af nýsköpunar- og þróunarverkefni um sveigjanlega dagþjálfun sem hófst á Akureyri í byrjun árs 2019. Í umfjölluninni kemur fram að „Verkefnið virðist hafa haft veruleg áhrif á traust til þjónustunnar, stuðning við aðstandendur og aðra þjónustuaðila og að líkindum verið þáttur í að draga úr eftirspurn eftir þörf fyrir hjúkrunarrými“ (bls. 21). Frekari umfjöllun um reynsluna af þessu nýsköpunar- og þróunarverkefni má finna hér <https://www.akureyri.is/static/files/Hlid/sveigjanleg-dagthjalfun-afangaskyrsla-30.-mars-2021.pdf>

Heilbrigðisráðherra leggur áherslu á að þau nýsköpunar- og þróunarverkefni sem samið hefur verið um og skila árangri, verði innleidd víðar. Því er hér með óskað eftir mati Seljahlíðar hjúkrunarheimilis á möguleikum þess að koma á sambærilegri sveigjanlegri dagþjálfun í Seljahlíð, fjölda einstaklinga sem notið gætu slíkrar dagþjálfunar og ekki síst hvort vilji stjórnenda Seljahlíðar sé til að taka upp slíka þjónustu. Þá óskar heilbrigðisráðherra eftir upplýsingum um hvenær mögulegt væri að opna sveigjanlega dagþjálfun í Seljahlíð, ef vilji er til þess, og fyrsta kostnaðarmat á þjónustunni.

Ofangreindra upplýsinga er óskað sem allra fyrst.“

Velferðaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum þann 15.september 2021 að heimila velferðarsviði að kanna möguleika á því að koma á fót sveigjanlegri dagþjálfun í Seljahlíð og

var Berglindi Magnúsdóttur og Margréti Á Ósvaldsdóttur falið að gera tillögur að slíku fyrirkomulagi og upplýsa í kjölfarið ráðuneytið.

Velferðarsvið kannaði möguleika þess að koma á fót sveigjanlegri dagþjálfun í Seljahlíð og var niðurstaðan sú að góðir möguleikar væru fyrir því að gera breytingar á núverandi rekstri og koma á fót sveigjanlegri dagþjálfun. Sveigjanleg dagþjálfun væri kærkomið viðbótarþjónusta úrræði til að styðja við búsetu hrumra aldraða heima við og möguleiki væri á að tengja úrræðið við SELMA sem er sérhæft hreyfanlegt öldrunarteymi sem rekið er undir heimahjúkrun í Reykjavík. Almennar dagdvalir eru ekki starfræktar í austurhlusta borgarinnar og því um langar vegalengdir að fara fyrir þá sem þurfa á slíkri þjónustu að halda, eða að Sléttuvegi, Síðumúla eða Vesturgötu. Forsenda þess að koma á fót sveigjanlegri dagdvöl í Seljahlíð er að hætta rekstri núverandi 20 hjúkrunarrýma.

Á fundi þann 1. október þar sem heilbrigðisráðuneytið kynnti þeim aðilum í Reykjavík sem áhugasamir væru um að koma að verkefni um sveigjanlega dagdvöl kom fram að ekki kæmi til greina að verkefnið myndi fela í sér fækkun hjúkrunarrýma í Reykjavík. Ekki var því grundvöllur til að halda áfram með verkefnið að svo stöddu.